

Fundargerð

Mánudaginn 22. janúar 2024 kl. 10:00 kom reikningsskila- og upplýsinganefnd (RogU) saman til fundar á Teams. Fundinn sátu Ágúst Kristinsson, Gísli Hlíðberg Guðjónsson, Guðrún Torfhildur Gísladóttir og Þórey I. Guðmundsdóttir. Fundinn sat einnig Árni Sverrir Hafsteinsson, starfsmaður innviðaráðuneytisins, sem jafnan ritar fundargerð. Guðjón Guðmundsson forfallaðist.

1. Endurskoðun sveitarstjórnalaga

Rædd var yfirstandandi endurskoðun sveitarstjórnarlaga en Reikningsskila- og upplýsinganefnd tekur á komandi fundum til umfjöllunar tillögur starfshóps um endurskoðunina sem lauk störfum árið 2022 og varða nefndina. Sérstaklega var rædd 60. gr. Sveitarstjórnarlaga og hvort nefndin vilji gera tillögu að breytingu greinarinnar inn í þá vinnu sem nú stendur yfir.

2. Næsti fundur nefndarinnar

Næsti fundur nefndarinnar verður haldinn 5. febrúar næstkomandi.

Fundi lauk kl. 11:15